



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sunnufold

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	7
3 Innra mat deilda	8
3.1 Tröllheimar	8
3.2 Álfheimar	11
3.3 Hulduheimar.....	13
3.4 Mánakot	15
3.5 Stjörnukot.....	17
4 Innra mat sérkennslu.....	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland	22
7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis.....	22
8 Foreldrasamvinna.....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
9.1 Skipulagsdagar næsta skólaár	23
10 Fylgigögn.....	24
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	24



Leiðarljós leikskólans

Starfsfólkið er okkar mikilvægasta afl. Með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf þar sem foreldrar eru virkjaðir til samstarfs með þátttöku og velferð barnanna að leiðarljósi

Sunnufold er leikskóli þar sem starfið er barnmiðað og góð samskipti skapa vettvang fyrir vináttu og vöxt. Við þjónum fólki af fagmennsku, temjum okkur víðsýni og leitum nýrra leiða þegar þarf. Starfsfólk Sunnufoldar sækir sér faglega þekkingu og úrræði bæði sín á milli og með því að sækja faglega kennslu út fyrir skólann. Við leggjum áherslu á að starfsfólk skoði eigin starfsaðferðir og meti starfið með samstarfsfólki, börnum og foreldrum þar sem velferð barna er í forgrunni og til að skapa samfellu milli heimilis og leikskóla. Í Sunnufold er unnið með snemmtæka íhlutun sem felst í því að finna börn með mögulegan þroskavanda. Stundum þarf bara lítið inngrip eða heimili og leikskóli að stilla saman strengi en stundum þarf teymisvinnu þar sem þátttaka allra í nærumhverfi barnins skiptir máli. Einnig er leitað til sérfræðinga eftir eðli hvers máls fyrir sig og þörfum viðkomandi barns. Með áherslum og sýn allra þátttakanda myndast skólabragur sem er viðurkennandi fyrir alla aðila og eykur öryggi og vellíðan barnanna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2022-2023 hófst með ráðningu nýrra leikskólastjóra. Ákveðið var að ráða umsækjendur sem lögðu til nýtt skipulag stjórnendateymis í leikskóla. Það var þremur stöðum steipt saman og hrært saman þannig að úr varð blanda af tveimur leikskólastjórum í 50% starfshlutfalli á móti annars vegar 50% starfshlutfalli aðstoðarleikskólastjóra og hins vegar 50% starfshlutfalli sérkennslustjóra. Til að fullmynda teymið var ráðinn aðstoðarleikskólastjóri í 50% starfshlutfall sem sinnir einnig 75% starfshlutfalli sérkennslustjóra og falla mál barna af erlendum uppruna og málörvun undir hana.

Teymið og teymisvinna er framtíðin í stjórnun og því frumkvöðlastarf sem verið er að vinna í Sunnufold. Vissulega flækir starfsemina að hafa hana í tveimur húsum með 300 metra á milli og því næst ekki alltaf sú dýpt sem stjórnendateymið myndi vilja ná en eins og er í merki Sunnufoldar þá komumst við ekki á toppinn heldur er það leiðin sem skiptir máli.

Ráðningar nýrra starfsmanna gengu ekki vel framan af hausti 2022 og vetri og veikindi starfsfólks settu svip á leikskólastarfið þar sem þurfti að skerða starfsemi og senda börn heim vegna þessa. Eftir að náðist að manna allar stöður í mars þá hefur veikindadögum starfsfólks fækkað umtalsvert og betra flæði næst í leikskóladegi barnanna og verkefni rjúka áfram á deildum. Til þess að börn geti sótt

sér nám verður þeim að líða vel í stöðugu námsumhverfi. Það er þó erfitt nú haustið 2023 að ráða í allar stöður en vonandi mun haustið leiða til okkar flott fólk.

Eitt af risastóru verkefni sem börn eru að vinna og starfsmenn að örva í leikskólanum er að læra að tala, hlusta og skilja, eiga samskipti við hvert annað á sameiginlegu tungumáli sem er í íslenskan hér á Íslandi. Í vetur varð sú breyting á starfsmannahópnum að hátt hlutfall þeirra er af erlendum uppruna. Bryndís aðstoðarleikskólalastjóri hefur verið í fararbroddi fyrir því að þau læri íslensku meðal annars með því að merkja alla mögulega hluti innanhúss í báðum starfstöðvum þannig að ritmálið sé sýnilegt. Deildarstjórar hafa sýnt ótrúlega útsjónarsemi með að kenna sínum starfsmönnum og leiðbeina um hagnýtar leiðir til að tala, lesa og syngja rétt á íslensku á öllum deildum. Þau nýta sér hljóðbækur, leikskólalög á youtube með textum og svo sögur á Spotify til að starfsmenn hlusti á með börnum ef þeir hafa ekki náð fljúgandi færni í lestri á íslensku.

Það er því eitt af stóru verkefnum á næsta starfsári að efla starfsfólkið okkar enn frekar í íslensku. Það verður gert meðal annars með því að allt starfsfólk Sunnufoldar fer vonandi á námskeið innan vinnutímans sem verður á staðnum og fellur undir undirbúningstíma starfsmanna. Áfram verður námsumhverfi barna og starfsumhverfi starfsfólks merkt þannig að þau læri sem flest orð og eflir þau í læsi á íslensku.

Bílastæðið í Frosta var klárað í haust og er nú pláss fyrir foreldra að koma með börnin sín á hjólum og kerrum en hægt er að nýta hjólaskýlið í Frosta til að geyma barnakerrur á daginn. Það blæs í gegnum það en er með þaki þannig að það verður smá skjól. Þá er auðveldara fyrir foreldra að geta nýtt sér að keyra með barnið á kerru í leikskólann og halda svo áfram út í daginn til dæmis með strætó.

Viðgerðir fóru fram á húsnæði starfsstöðvarinnar í Loga í desember síðastliðnum eftir að leki uppgötvaðist á tveimur stöðum. Þá var strax fjarlæggt skemmt byggingarefni, húsið þrifið vel eftir það verkefni. Lokaverkið þar er að það verður skipt um stóra gluggann í austurenda fataklefans í haust 2023. Þá verður dúklegt aftur og þá ætti húsið að vera klárt.

Starfsstöð leikskólans í Frosta var tekin í notkun árið 1986 og er það hús á framkvæmdaáætlun hjá Byggingateymi Skóla- og frístundasviðs. Komið er að endurbótum eftir rúmlega 36 ára starfsemi og verða þær gerðar á næstu árum á húsnæði leikskólans í starfstöðinni í Frosta. Þá er gert ráð fyrir að húsnæðið verði endurgert miðað við nýjar reglugerðir. Það verkefni er stórt og þá þarf að færa starfsemina annað. Foreldrar verða upplýstir betur um ferlið þegar nær dregur og við bendum áhugasömum á að taka sæti í foreldraráði. Gott er að minna á mikilvægi foreldraráðs og ekki síst þegar svona framkvæmdir eru fram undan. Tekið er við framboðum í foreldraráð og foreldrafélag á foreldrafundum sem haldnir eru á hverju hausti um miðjan september.

Áfram verður unnið með lykilhugtök leikskólans sem eru hamingja, málrækt, leikur, sjálfræði og heilbrigði.

Deildir leikskólans eru fimm talsins og vinna þær allar að sama markmiði en fara misjafnar leiðir. Þar kemur mannauður leikskólans inn og áhugasvið. Á sumum deildum er til dæmis starfsfólk sem spilar á gítar í samverustundum meðan á öðrum er starfsfólk sem hefur mikinn áhuga á útikennslu. Reynt er eftir fremsta megni að námsframboð sé jafnt á aldurshópa milli húsa og deilda þó alltaf sé einhver munur. Eins og kemur fram í leiðarljósi leikskólans teljum við starfsfólkið vera okkar mikilvægasta afl og því erum við alltaf í leið að bestun í mannauðnum.

Við erum spennt að hefja nýtt skólaár með okkar góða starfsfólki, frábærum börnum og nýjum félögum í barna og starfsmannahópin. Hvort sem það er starfsfólk, foreldrar eða börn erum við þakklát fyrir heilinda sem skapast í leikskólasamfélaginu okkar í Sunnufold.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Tímabil lykilhugtaka	Á skipulagsdegi	Deildastjórar	Gera þarf lykilhugtökin sýnilegri í starfinu
Samstarf milli starfstöðva	Á skipulagsdegi	Starfsfólk í hópum	Gæta að námsframboði barna eftir árgöngum. Reyna að ná oftari samtölum þrátt fyrir vegalengd milli húsa.
Sjónrænar reglur með börnum	Á skipulagsdegi	Starfsfólk í hópum	Samræma reglur milli deilda með sjónrænum reglum/leiðbeiningum

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Vinafundir í Frosta

Stefnt er að því að samræma uppsetningu á vikulegum Vinafundum í Frosta við hvernig hann framkvæmdur í Loga. Á Vinafundum hittast öll börn og starfsfólk í húsinu syngja, tala og gleðjast saman.

Skilvirkni í fundastarfi

Stefnt er að því að festa tíma fyrir deildar-, deildarstjóra-, og stjórnendafundi. Að það verði reglulegt og fundargerð skrifuð sem þeir sem ekki komast á fundinn lesi.

Efla ímyndina um einn leikskóla

Halda áfram að vinna með starfmannahópinn um hugmyndina um að við séum einn leikskóli þrátt fyrir að starfsemi fari fram í tveimur húsum. Að vinna að því að það sé ekkert mál að fara á milli húsa.

Halda áfram gleðinni í hópnum

Fram kom mikil ánægja starfsmanna í starfsþróunarsamtölum. Markmiðið er að halda áfram að vinna að starfsgleði og ánægju hjá starfsmönnum í Sunnufold. Með því að hafa reglulega samhringinga og gera eins vel í við starfsmenn og hægt er. Ánægðir starfsmenn skila betri starfi með börnum.

3 Innra mat deilda

Á öllum deildum er unnið eftir lykilhugtökum leikskólans en leikskóli er mannauðurinn sem í honum starfar og því starfa deildarnar ekki alveg eins en miðað er að því að öll börnin í báðum húsum fái þau námstækifæri sem þeirra árgangi býðst á hverju ári.

3.1 Tröllheimar

Tröllheimar er elstu barna deild í Frosta. Veturinn 2022 voru 10 börn fædd 2017, 9 börn fædd 2018 og 5 börn fædd 2019. Eftir áramót bættust svo við 2 börn fædd 2019. Það hefur reynt vel að hafa elstu börnin á Tröllheimum þar sem það er stærsta deildin í Frosta og með flest herbergi sem gefur tækifæri til þess að skipta upp barnahópnum í minni hópa. Einnig hefur það komið vel út að elstu börnin séu með sér fataklefa sem gefur ákveðið næði.

Starfið á Tröllheimum í vetur gekk vel, þrátt fyrir mikla manneklu. Starfið einkenndist af mörgu ferðum og heimsóknum hjá öllum barnahópnum. Elstu börnin fóru í heimsókn í Árbæjarsafnið fyrir jólin og svo Borgarleikhúsið, Húsdýragarðinn, í textíltíma og íþróttir í Foldaskóla og heimsókn í frístundaheimilið í Foldaskóla sem heitir Regnbogaland. Einnig fengu þau að sjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Alþingi, Þjóðleikhúsið og varðskip Landhelgisgæslunnar. Útivera er stór þáttur í starfinu, hvort sem það er úti í garði eða að fara í gönguferðir í nærumhverfinu. Farið er út að minnsta kosti einu sinni á dag. Seinni útiveran er oft þannig að þeir sem vilja fá að fara út en hinir fá að vera inni í meira næði þegar börnum. Þannig fá allir að njóta sín. Flestir fóru út tvisvar á dag því oftast var tekin ákvörðun að síðasti klukkutími dagsins er nýttur í útiveru þegar veður leyfir.



Unnið var með læsi á deildinni. *Lubbi finnur málbein* var hluti af starfinu, þar sem börnin læra máhljóðin og syngja lög sem tengjast hverju hljóði fyrir sig. Stafirnir voru sýnilegir á deildinni. Málörvun fór fram í daglegu starfi með samtali við börnin, í matartímum, fataklefa og í öllum stundum dagsins, í söngstundum og sögustundum sem voru daglega á dagskrá.

Vinátta, lýðræði og sjálfræði voru þættir sem lagðir voru áhersla á í vetur. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að allir eigi féлага og að allir séu hluti að samfélaginu sem deildin er. Að hafa áhrif á hlutina og taka sameiginlegar ákvarðanir sem hópur. Einnig var lögð mikil áhersla á listsköpun barnanna þar sem þau fengu að láta ljós sitt skína.

Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni ásamt öðrum leikskólum. Áherslan hjá Tröllheimum í verkefninu var þátttaka barna í daglegu starfi. Börnin fengu verkefni, 1. gangaverðir þeir eru tveir og eiga þeir að hjálpa starfsfólki og örðum börnum að ganga vel um fataklefann. 2. garðverðir þeir eru tveir börnin fara út á morgnanna með einu starfsmanni og fara yfir garðinn. 3. veðurfræðingar þeir eru tveir og fara þeir og kíkja á hvernig veðrið er með kennara. Í samverustund á morgnanna láta þau hina krakkanna vita hvernig veðrið er og í hvaða för þau eiga að klæða sig í útiveru. 4. þjónar þeir eru þrír, þau börn leggja á borð og bjóða svo hinum börnunum á deildinni til borðs.

Í innra mati síðasta árs var lögð áhersla á að vinna með námsumhverfið þar sem við lögðum upp með að bæta aðgengi barnanna að leikefni. Með því að merkja betur leikefnið og skipuleggja það og þannig gera börnin sjálfstæðari í leik sínum með greiðari aðgang að leikefni. Það gekk ágætlega en ætlum við að halda áfram að bæta okkur í því næsta haust. Auk þess að hafa halda áfram að hafa ritmálið sýnilegt fyrir börn og starfsfólk.

Næsta vetur munum við halda áfram á sömu braut. Vinátta, lýðræði og sjálfræði verða áfram þeir þættir sem lagðir verða áherslu á til þess að skapa góðan deildarbrag og jákvætt andrúmsloft. Læsi og málörvun eru alltaf stór þáttur í starfinu þar sem við munum halda áfram að vinna með Lubba ásamt lestri og söng. Við ætlum að vinna með samverustundir næsta vetur þar sem hugmyndin er að skipta börnunum í minni hópa og leyfa þeim að njóta sín betur í samveru á barnmargri deild. Einnig munum við halda áfram að vinna með námsumhverfið og bæta aðgengi barnanna á leikefnið.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsumhverfið	Að námsumhverfið verði aðgengilegt og vel merkt fyrir börnin.	Gæta þess að uppfæra merkingar fyrir leikefni og hafa það aðgengilegt í hæð barnanna	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort það myndist flæði	Að börn uni sér vel í leik
Samverustund	Að samverustundir gangi betur. Hafa þær minni og rólegri, börnin taki virkan þátt	Finna áhugasvið barnanna og hafa þau saman sem hafa svipaðan áhuga	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hverju sinni hvernig gengur og hvort þátttaka barnanna aukist.	Að starfsmenn og börn njóti sín og noti sitt áhugasvið í samveru og öllum líður vel í samveru



3.2 Álfheimar

Álfheimar er miðdeild leikskólans. Á deildinni voru 17 börn fædd á árunum 2019-2020.

Í vetur var mikið unnið með sköpun á Álfheimum. Börnin fengu mörg tækifæri til þess að tjá sig í gegnum listsköpun við hin ýmsu tækifæri, árstíðarbundið eða við hina ýmsu tyllidaga í leikskólanum svo sem litadaga og þess háttar. Börnin á Álfheimum hafa gaman af því að fá að skapa, hvort sem það er að mála, lita, klippa eða líma.

Samverustundir spila stóran sess í deildarstarfinu á Álfheimum. Þar fer fram mikil málörvun og hafa börnin gaman af þeim. Þar er mikið sungið og hafa börnin gaman af því að syngja. Tekin eru fyrir mikið að lögum og eru þau dugleg að læra þau. Einnig er oft farið í málörvunarleiki, það eru sagðar sögur, lesnar loðtöflusögur og bækur. Einnig er spilað mikið og fer mikil málörvun fram í slíkum stundum. Samverustundir eru allt að þrisvar sinnum á dag, svona eftir því hvernig dagsformið er hverju sinni og þá ýmist allur hópurinn saman eða skipt í minni hópa.

Útivera er alltaf stór hluti af leikskólastarfinu. Börnin á Álfheimum njóta sín vel í útiveru og finnst mjög gaman að fara út í garð að leika. Miðað er við að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef veður er gott. Einnig er farið í göngur og börnin æfa að vera í röð. Svo enda göngutúrarnir oft á einhverjum hverfisrólóvelli.

Þar sem gangur gengur í gegnum deildina er verkefni fyrir starfsmennina að reyna að gera umhverfið inni á deildinni aðlaðandi og skemmtilegt þannig að börnin leita þangað frekar og festast í góðum leik. Því er mikilvægt að endurskipuleggja umhverfið reglulega til þess að mæta þörfum barnanna í leiknum og til þess að brjóta upp þetta munstur að fara alltaf fram á gang. Í vetur var hlið sett fyrir utan deildina og hefur það verið til bóta.

Salurinn í miðrymi var mikið notaður þar sem börnin gátu valið á milli ýmissa verkefna s.s. sandur, holukubbar og búningar. Einnig var salurinn notaður í hreyfistundir.

Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni ásamt öðrum leikskólum. Áherslan hjá Álfheimum í verkefninu var aukin þátttaka barnanna í matmálstímum. Unnið var að því að kenna börnunum að skammta sér hæfilega skammta á diskana og hella í glös sjálf. Einnig að ganga sjálf frá eftir mat.

Næsta vetur verður áfram unnið að því að gera umhverfið á deildinni sem best fyrir leik barnanna. Málörvun mun áfram eiga sér stað í samverustundum, hópastarfi og spilastundum. Útvera verður áfram eins mikil og við getum.

Vegna nokkurrar mannekle fyrir parts vetur var hópstarf í undanhaldi. Það verður bætt næsta vetur og munu þær stundir vera með litla hópa þar sem gott og faglegt starf fer fram. Einnig munum við stefna að því að halda áfram að vinna að betri samvinnu við Hulduheima þannig að rýmið í leikskólanum og tími starfsfólks nýtist sem best eins og til dæmis þegar hvíld á sér stað og fleira.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hópstarf	Að hópstarf verði hluti af daglegu starfi barnanna	Vera með vel skipulagða hópa og hópstjóra sem hafa ábyrgð á sínum hóp hverju sinni	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvernig faglegt starf hefur áhrif á málþroska, félagslegan og vitsmunalegan þroska.	Að börn læri að vera í hóp þarf sem samstarf, samvinna og samskipti fara fram
Ráp á milli rýma	Minnka ráp á milli rýma deildarinnar	Gera umhverfið inni á deildinni aðlaðandi og skemmtilegt þannig að börnin leita þangað frekar og festast í góðum leik	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvort ráp minnkar og börnin leika meira í einu rými.	Að starfsmenn og börn njóti sín í frjálsum leik, spilastundum eða einhvers konar borðvinnu



3.3 Hulduheimar

Hulduheimar er yngstu barna deild í Sunnufold Frosta. Á deildinni í vetur voru 17 börn fædd 2020 og 2021. Í upphafi skólaárs var aðalega lögð áhersla á það að læra að vera í leikskóla og aðlögunartímabilið er helgað hamingjunni. Að börnin fái að aðlagast lífinu í leikskólanum eftir því sem þau þurfa á að halda. Sum þurfa mikið að vera í fangi, önnur fara strax af stað í leik. Börnin læra að vera saman í hóp, þau læra að fara í samveru og taka þátt og hlusta. Svo læra þau einnig taktinn í deildarstarfinu. Þau eru fljót að átta sig á því að oftast er farið út þegar það er búið að borða ávexti á morgnanna og það er hvíld eftir hádegismat.

Í vor var tekið ákvörðun að skipta hópnum í tvennt til þess að skapa meiri gæði í leik og starfi. Frá klukkan 9 til 10 byrjar annar helmingurinn hópsins að fara í útiveru á meðan hinn helmingurinn hópsins er í hópastarfi inni. Síðan frá klukkan 10 til 11 þá víxlast hóparnir. Það gengur vel að hafa yngstu börnin á Hulduheimum, það er minna rými sem heldur betur utan um barnahópinn en hefur samt sem áður möguleikann að skipta hópnum á milli rýma.

Myndlist og sköpun var stór þáttur í deildarstarfinu í vetur. Börnin fengu að spreyta sig á því að mála, bæði með penslum og höndum, klippa, líma og lita. Þau höfðu mjög gaman af því og ef það var verið að vinna ákveðin verkefni biðu þau flest spennt eftir því að röðin kom að þeim. Verkefni voru oft unnin í takt við árstíðir, hátíðir og aðra tyllidaga í leikskólanum eins og til dæmis litadaga.

Málörvun fór fram í daglegu starfi inni á deild, í samræðum við matarborðið og í fataklefanum, í leik og í samverustundum. Í samverustundum lærðu börnin sígild leikskólalög, það var sungið mikið af hreyfilögum sem yngstu börnunum þykja skemmtileg þeim þótti gaman að taka þátt og nafnalög voru mjög vinsæl en í þeim lögum eru nöfn barnanna í hópnum sungin. Börnin höfðu daglegan aðgang að bókum og skoðuðu myndir mikið. Þegar líða fór á skólaárið var bætt inn lestarstundum þar bækur voru lesnar fyrir börnin. Valin var bók vikunnar sem var lesin nokkrum sinnum þar sem endurtekning er svo mikilvæg í málörvun.

Frjáls leikur er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Á Hulduheimum fengu börnin nægan tíma og rými til þess að leika sér. Mikil þróun varð á leiknum hjá börnunum, í upphafi skólaárs voru börnin aðalega í samhliða leik en þegar fór að líða á fór maður að sjá meira og meira af samskiptum í leiknum hjá börnunum.

Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni ásamt þremur öðrum leikskólum þar sem var lögð áhersla á þátttöku barna í starfi. Starfsfólk Hulduheima völdu efla þátttöku barnanna í samverustundum, þar

sem var búin til samverukassi sem inniheldur verkefni, lög og sögur þar sem áhugi barnanna skínir í gegn. Það hafa reynst vel og hægt er að sjá mikinn mun á gæði og þátttöku barnanna í samveru.

Næsta skólaár verður mikil endurnýjun á barnahópnum og aðeins þau yngstu sem verða eftir á deildinni. Því verður starfið á deildinni með sama sniði, þar sem áhersla verður lögð á það að læra á leikskólalífið, ásamt málörvun, frjálsum leiks og myndsköpun. Í síðasta innra mati var áhersla lögð á samvinna á yngri gangi í Frosta. Því miður gekk það ekki eftir eins vel og ætlað var og því munum við reyna að leggja meiri áherslu á meiri samvinnu.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustundir	Börn og starfsfólk taki virkan þátt í samveru og hafi gaman.	Halda áfram að þróa samverukassann.	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort þátttakan eflist.	Að öllum líði vel í samveru.
Samvinna á yngri gangi í Frosta	Að börnin fái tækifæri til þess að kynnast starfsfólki og börnum af öðrum deildum.	Þjóða upp á heimsóknir, flæði.	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvernig gengu á deildarfundum	Að allir fái tækifæri til þess að fara í heimsókn milli deilda



3.4 Mánakot

Á Mánakoti voru 25 börn fædd 2017, 2018 og 2019. Starfið í vetur hefur gengið vel og allt smá saman að færast fyrra horf eftir heimsfaraldurinn.

Samverustundir voru þrisvar á dag. Í fyrstu samveru var eitt barn sem var veðurfræðingur en þar er farið eftir stafrófsröð barnanna. Farið var yfir hvaða dagur væri, hvernig veðrið væri og í hvað væri best að klæða sig þann daginn. Í samverunni fyrir hádegismatinn var unnið með Lubbi finnur málbein þar sem börnin læra stafina og hljóðin þeirra. Einn stafur og hljóð hans var tekinn fyrir í hverri viku. Þá var einnig sungið í þeirri samveru sem og samverunni sem er eftir hádegi. Málörvun á sér stað í samverustundun ásamt öðrum stundum dagsins eins og við matarborðið og í fataklefanum og leik og starfi.

Leikurinn er aðalnámsleið barna og því er mikilvægt að börn fái tíma og rými til þess að leika sér. Frjáls leikur var rauður þráður í starfinu á Mánakoti þar sem börnin fengu tækifæri til þess að þróa sinn leik í samskiptum við hvort annað ásamt því að æfa samskipti sín við félagana sína. Með þessu voru vinátta, lýðræði og sjálfræði höfð að leiðarljósi og mikilvægi þess að allir áttu félagana og voru hluti af hópnum. Sameiginlegar ákvarðanir voru teknar og umræða um það hvernig börnin vildu að leikskólinn þeirra væri.

Útivera var að minnsta kosti einu sinni á dag og oftast ef það var veður til þess. Börnin voru ánægð í útiveru og höfðu gaman af því að leika sér í garðinum eða fara í gönguferðir um nærumhverfið.

Eftir áramót hafa elstu börnin farið í heimsókn í Foldaskóla bæði í textíl og í íþróttir. Farið var í ferðir í húsdýragarðinn, á bókasafnið, í Borgarleikhúsið, á Árbæjarsafnið, í Hörpu að hlusta á Sinfóníuhljómsveitina og á náttúruminjasafnið í Perlunni.

Næsta vetur verður ekki mikil endurnýjun á barnahópnum þar sem aðeins sex börn eru að fara að byrja í grunnskóla. Við stefnum að því að vinna á sama hátt, með leik sem rauða þráðinn og mikilvægi vináttu. Við ætlum að fara oftast í ferðir út fyrir leikskólann til að kynnast og sjá nýja hluti og kanna nærumhverfið okkar. Einnig ætlum við að setja inn frekari vinnu með Lubba og taka það sem við lærum í Lubbastundum og flétta það með inn í hópastarfið okkar. Jákvætt samfélag á deildinni er mikilvægt til þess að börn blómstri og að allir finni að þeir séu hluti að heildinni sem deildin er reyna að leggja meiri áherslu á meiri samvinnu.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Taka hljóðið úr Lubbastund og flétta í hópastarfið	Nýta Lubba í fleiri stundum en í Lubbastundum	Allir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Meta hvernig tekst til og hvort Lubbavinnan sýni enn meiri árangur.	Að öllum líði vel Lubbastund og geti tileinkað sér og nýtt annars staðar.
Samvinna í Loga	Að börnin fái tækifæri til þess að kynnast starfsfólki og börnum af öðrum deildum.	Bjóða upp á heimsóknir, flæði.	Allir starfsmenn	Haust 2023	Vor 2024	Meta hvernig gengu á deildarfundum	Að allir fái tækifæri til þess að fara í heimsókn milli deilda



3.5 Stjörnukot

Á næsta skólaári er stefnt að því að vinna á sama hátt. Það hefur reynst vel að skipta börnunum í minni hópa. Við erum svo heppin á Stjörnukoti að hafa þrjár rúmgóðar stofur. Með því að skipta börnunum niður á herbergin þá skapast meiri ró og börnin fá meiri rými til þess að þróa leikinn, ná hugarflæði og blómstra. Einnig hefur starfsfólk þá meiri yfirsýn yfir þann hóp sem hann er með og getur betur fylgst með hverju og einu barni. Útivera, málörvun, sköpun, bókalestur og almenn gleði verður áfram á sínum stað og verður fléttað inn í starfið.

Útiveran er stór hluti af leikskóladeginum. Vel gekk að fara út í garð að leika í haust og er að jafnaði farið út einu sinni á dag. Veturinn var óvenjukaldur og því erfitt að fara út með minnstu börnin og reyndi það þá meira á útsjónarsemi starfsfólks deildarinn vegna inniverunnar. Um leið og snjórinn fór þá fórum við aftur út og jukum fljótlega í að fara út tvisvar á dag.

Það er lesið tvisvar á dag fyrir börnin í tveimur til þremur hópum. Allir starfsmenn deildarinnar lesa bækur fyrir börnin. Lesið er fyrir hádegismatinn og aftur eftir kaffitímann.

Söngstund er tvisvar á dag á deildinni. Við reynum að hafa myndir líka sýnilegar fyrir börnin í söngstundum til að efla börnin í læsa mynda og að muna lög og myndir. Á föstudögum er Vínafundur fyrir öll börnin í Loga haldinn á Mánakoti. Þá er sungið saman, talað og dansað saman í lokin. Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi, spilum, samtali, lestri bóka og söngvum. Það gengur oftast vel en fer stundum eftir mönnun á deildinni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nýta rýmin	Halda áfram að nýta öll rými.	Meiri málörvuna	Allir starfsmenn	Vor 2023	Vor 2024	Meta hvernig börnin bregðast við og hvort þátttakan eflist.	Að öllum líði vel og að rýmin nýtist sem best.
Samvinna í Loga	Að börnin fái tækifæri til þess að kynnast starfsfólki og börnum af öðrum deildum.	Þjóða upp á heimsóknir, flæði.	Allir starfsmenn	Haut 2023	Vor 2024	Meta hvernig gengu á deildarfundum	Að allir fái tækifæri til þess að fara í heimsókn milli deilda



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Mánaðarskráningar eru notaðar á öllum deildum til þess að fylgjast með málum allra barna. Listar eru inná deildum þar sem sérinngrip eru skráð, s.s. lestur, gefðu 10 og fl. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til þess að ná til þarfa hvers og eins frá því að stuðningur fari fram inná deild í deildarstarfinu alveg yfir í mikla einstaklingskennslu. Sérkennslan er fléttuð inn í daglegt leikskólastarf. Einstaklingskennsla er skráð eftir hverja stund og þannig fylgst með framförum hjá hverju barni.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, Hljóm 2, Efi 2, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Fjölbreytt námsgögn, s.s. bækur, spil, námsgögn af netsíðunni Fjölbreyttar kennsluáðferðir og fleiri netsíðum, öpp í spjaldtölvum eins og Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og Bitsboard.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Áhersla lögð á að viðhalda árangri í gegnum komandi starfsmanna-breytingar	Nýta tækifæri sem myndast í breytinga-ferli	Halda reglulega fundi með deildarstjórum, stuðningsaðilu m og yfirstjórn	Sérkennslustjóra	Ágúst 22	Júlí 24	Á fundum með stjórnendum og stuðningsfólki	Að samþætting sérkennslu og annars leikskólastarfs viðhaldist

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanna á deild
-----------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------



Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Daglegur lestur, Gefðu 10, spjall, spil, bókin mín (lykilhugtök), setja orða á athafnir og „baða“ börnin í orðum.
Er markvissst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já. Orðaspjall í lestri, Orð í tösku er lítillaga notað, Markviss málörvun, Listi frá miðju máls og læsis. Einnig var boðið upp á bókakoffort frá Borgarbókasafni og svo lestramargfætla sem var keppni milli deilda þar sem áhersla var lögð á fjölda lestrarskipta.
Er fylgst með framförum fjöiltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, á deildum er fylgst með framförum allra barnanna og skráð reglulega. Auk þess fylgist sérkennslustjóri með og hlustar á málnotkun barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já en með auknum fjölda starfsmanna með annað móðurmál en íslensku er þetta áskorun. Mikil áhersla hefur verið lögð á íslenskunám starfsmanna og verður það áfram.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenskukunnátta starfsmanna	Styrkja starfsfólkið enn frekar í íslensku.	Íslenskunámskeið fyrir starfsmenn		Haut 2023	Vor 2024		
Markviss málörvun fjöiltyngdra barna	Fjölga tækifærum fjöiltyngdra barna í námsumhverfi leikskólans	Búa til fámenna málörvunarhópa innan deilda sem hittast tvisvar til þrisvar í viku.	Deildarstjórar og sérkennslustjóra	Haut 2021	Lýkur aldrei	Endurmat á starfsdögum	Að börnin geti notið sín í íslensku námsumhverfi og sótt sér nám.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vormánuðum. Samtölin voru svokölluð snerpusamtöl þar sem starfsmenn ræddu líðan og óskir við leikskólustjóra. Stefnt er að því að hafa sama háttinn á á næsta ári ásamt því að starfsmenn taki þátt í starfsmannakönnun,

Sunnufold tók þátt í þróunarverkefninu *Þátttaka barna í leikskólastarfi*, sem er samstarfsverkefni leikskólanna Engjaborgar, Funaborgar, Hólaborgar og Sunnufoldar og Háskóla Íslands sem snýr að því að þróa hlutverk kennara og annars starfsfólks í að stuðla að leik sem megin námsleið barna. Í gegnum það fengum við margvíslega fræðslu frá Dr. Önnu Magneu HreinsdótturÞeirri vinnu lauk í vor með sameiginlegum fundi allra leikskólanna og afurðir vinnu verkefnisins kynnt.

Einn starfsmaður lauk kennaranámi við Háskóla Íslands og fékk leyfisbréf sem kennari. Einn starfsmaður er að leggja lokahönd á meistaranám við Háskólann á Akureyri og fær þá leyfisbréf sem kennari. Einn starfsmaður kláraði annað árið í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður kláraði fyrsta árið leikskólaliðafræðum við Borgarholtsskóla. Einn starfsmaður stundar meistaranám í Tólmstundar og félagsmálafræði. Einn starfsmaður lauk öðru ári í Uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Einn starfsmaður fór á námskeið í AEPS listagerð hjá Ráðgjafa og greiningastöð. Einn starfsmaður fór á Vorráðstefnu Ráðgjafa og greiningastöðvar.

Einn starfsmaður sat grunnnámskeið um Einhverfu hjá Ráðgjafar og greiningarstöð.

Einn starfsmaður hefur setið íslenskunámskeið fyrir starfsfólk leikskóla hjá Retor tungumálaskóla.

Farið var í námsferð til Alicante á Spáni. 19 starfsmenn Sunnufoldar fóru í þá ferð. Námskeiðin sem varið var í þar fjölluðum um tilfinningagreind, hamingju í starfinu og skólaheimsókn.

Þeir 11 starfsmenn sem ekki fóru í námsferðina fóru í skólaheimsókn í Engjaborg og fengu fyrirlestur frá Miðju máls og læsis um fjölmenningslegt leikskólastarf.

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjölyngi og fjölmenningu. (<https://mml.reykjavik.is/>)

Tveir starfsmenn fóru á vikunámskeið til Berlínar á vegum Erasmusstyrksins sem Sunnufold fékk úthlutað árið 2019 ásamt þremur öðrum leikskólum. Námskeiðið fólst í leiðtogahæfni og stjórnun fyrir skólastjórnendur.

Allir deildarstjórar fóru á vikunámskeið til Amsterdam einnig á vegum styrksins frá Erasmus. Námskeiðið fólst í Skapandi hugsun og lausnaleit.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Samstarf við Foldaskóla og frístundaheimilið Regnbogaland

Samstarf við Foldaskóla var á áætlun eins og fyrri ár en veikindi og mannekla strik í reikninginn af leikskólans hendi upphafi skólaárs. Skipulag gekk ekki upp að öllu leyti þar sem mannekla í Foldaskóla virðist hafa haft áhrif á það.

Deildarstjórar á elstu deildum reyndu sitt besta til að sinna samstarfi við Foldaskóla og Regnbogaland. Að einhverju leyti gekk það upp. Börnin fengu öll að fara í íþróttatíma og textíltíma í Foldaskóla. Samstarf verður áfram við Foldaskóla eins og verið hefur og verður áfram næsta skólaár vonandi við eðlilegri aðstæður. Það hefst á Degi íslenskar tungu þann 16. nóvember með því að 5. bekkur kemur í heimsókn á eldri deildir þar sem þau lesa fyrir leikskólabörnin. Síðan hafa elstu börnin farið í reglulegar heimsóknir yfir veturinn í Foldaskóla þar sem þau fá að taka þátt með fyrsta bekk í smíðatíma, íþróttatíma auk heimsóknar á skólabókasafnið.

Sunnufold er einnig í samstarfi við Frístundaheimilið Regnbogaland í Foldaskóla en vanalega hafa börnin úr Sunnufold fengið að fara í heimsóknir reglulega yfir veturinn.

7.2 Samstarf við sunddeild Fjölnis

Frá árinu 2015 hafa hefur Sunnufold verið í samstarfi við Sunddeild Íþróttafélagsins Fjölnis. Það felst í því að elstu börnin fara á sundnámskeið sem stendur í 9-10 daga í júní þegar grunnskólar hafa lokið sínu sundnámi. Þá fylgja starfsmenn Sunnufoldar börnunum gangandi út í Grafarvogslaug og aðstoða þau við að læra á fataklefan og sturtuklefan. Þegar komið er út í laug tekur sundþjálfari við þeim og þau fá grunnkennslu í sundi. Þetta hefur gefist afar vel, börnin hafa verið glöð að fara og afraksturinn sést síðan að þau eru öruggari með sig í fataklefum bæði íþrótt og sunds þegar þau fara í skólaíþróttirnar í fyrsta bekk. Einnig æfast þau í að fara eftir fyrir mælum þjálfara.

8 Foreldrasamvinna

Góð samvinna og samskipti við foreldra og heimili barna er lykill að farsælli leikskólagöngu, því leggjum við í Sunnufold mikla áherslu á gott foreldrasamstarf. Þessi samvinna er sterkur grunnur að því að barninu takist að nýta þau námstækifæri sem leikskólinn býður.

- 11. september kl: 19:30 verður foreldrakynning í Loga og 12. september kl:19:30 í Frosta. Foreldrar mæta og farið verður yfir næsta skólaár. Einnig fá þeir tækifæri til þess að setja niður með deildarstjóra síns barns og farið verður yfir deildarstarfið og foreldrar geta spurt spurninga. Tekið verður við framboðum í foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrar eru hvattir til þess að mæta.
- Foreldraráð leikskólans skipa einn fulltrúi foreldra af hverri deild. Kosið er á foreldrafundi haustsins. Hver fulltrúi situr í tvö ár. Fulltrúar úr starfsmannahópnum funda með ráðinu ásamt leikskólastjóra og hefur umsögn um starfið í leikskólanum. Fundir eru 6-7 yfir skólaárið.
- Foreldrafélög hafa verið starfandi við báðar starfstöðvar en við hugum að því að hafa eitt félag til að tryggja að börnin í Sunnufold fái jafnari tilboð um framlag foreldra til leikskólastarfsins auk samvinnu við t.d. pöntun á ljósmyndara og þess háttar.
- Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar sinnum á ári. Foreldrum er ávallt velkomið að hafa samband við deildarstjóra hvort sem það er í daglegum samskiptum, símtali eða tölvupósti.
- Í foreldrasamtali að hausti eru foreldrum elstu barna kynntar niðurstaða úr Hljóm-2 prófinu sem athugar stöðu hljóðkerfisvitundar barnanna á síðasta leikskóla árinu. Auk þess sem foreldrum barna á fjórða ári eru kynntar niðurstöður úr málþroskaskimuninni Efi-2.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

9.1 Skipulagsdagar næsta skólaár

Skipulagsdagar voru samþykktir af foreldraráði á foreldraráðsfundi í mars 2023.

22. september föstudagur

20. október föstudagur

24. nóvember föstudagur sameiginlegur með grunnskólum og leikskólum í hverfi

6. febrúar þriðjudagur sameiginlegur með grunnskólum og leikskólum í hverfi

19. apríl

17. maí föstudagur sameiginlegur með grunnskólum og leikskólum í hverfi

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024

Sunnufold

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Olga Dís Þorvaldsdóttir Stefán Þór Winkel Jessen
Heiður Heimisdóttir Anna Rut Ágústsdóttir
Trausti Friðbertsson



Foreldraráð leikskólans Sunnufoldar hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2023-2024. Foreldraráð lýsir yfir ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana. Starfsáætlunin er vel sett upp, hnitmiðuð og skýr.

Faglegt og gott starf er unnið í Sunnufold. Eftir fremsta megni tekur leikskólinn til greina það sem foreldrar telja að betur megi fara og er því gott samstarf milli foreldra og leikskólans. Starfsáætlun og skóladagatal endurspeglar það starf og þá stefnumótun sem hefur verið í gangi í leikskólanum.

Eftir sem áður, líkt og fram kemur í síðustu starfsáætlun (2022-2023), telur ráðið skorta á gólfhita á yngstu deildum leikskólans. Sömuleiðis eru fatahengin þröng og lítið pláss fyrir föt barnanna. Þrátt fyrir einstaka úrbætur sem gerðar hafa verið á húsnæðinu telur ráðið mega bæta verulega úr húsakostinum í formi heildstæðra framkvæmda. Þess ber að geta að ráðið er meðvitað um væntanlegar framkvæmdir borgarinnar á húsnæði leikskólans og vonandi ganga þær eftir sem allra fyrst. Ráðið vill taka sérstaklega fram að ánægja er með þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið á bifreiðaplani við hús leikskólans Frosta.

Núverandi foreldraráð tekur undir athugasemdir sem fram hafa komið í fyrri umsögnum ráðsins varðandi samræmingu á framboðnum mat, lagningu snjóbræðslu við innganga og kattafæluferni í sandskassa leikskólans.

Að endingu vill ráðið koma á framfæri þökkum til starfsfólks leikskólans og ánægju með hversu viðburðarríkt skólaárið er hjá börnunum. Dótadagar, litadagar og aðrir skemmti dagar brjóta upp hversdagleikann og veita börnunum mikla ánægju. Meðlimir foreldraráðs eru ánægðir með markmið leikskólans og telja námskránna gefa góða mynd af því faglega starfi sem unnið er á hverju degi í skólanum.

Fyrir hönd foreldraráðs Sunnufoldar,
Olga Dís Þorvaldsdóttir.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

